



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK


26. apríl 2005

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, 243. mál.**

Í frumvarpinu er lagt til að gjöld fyrir skráningu félaga verði lækkuð úr kr. 75.000 - 150.000 í kr. 40.000. Rannsókn Alþjóðabankans hefur leitt í ljós að kostnaður við stofnun fyrirtækja er hár hér á landi samanborið við þau lönd sem við berum okkur saman við. Umrædd gjöld eru skattar sem ekki eru hugsaðir til að standa straum af kostnaði við skráningu fyrirtækja en skráningargjald skv. reglugerð 474/2004, um útgáfu kennitölu við skráningu í fyrirtækjaskrá, er lagt á til að mæta honum. Flutningsmenn benda á að hár kostnaður við stofnun fyrirtækja er hindrun við uppbyggingu atvinnulífs og nýsköpun og geta fælt einstaklinga frá stofnun t.d. einkahlutafélags. Með frumvarpinu sé leitast við að ryðja úr vegi þessari hindrun.

Samtök atvinnulífsins mæla með framangreindri lagabreytingu og taka undir rök flutningsmanna fyrir henni.

Virðingarfyllst,

  
Hannes G. Sigurðsson